



Lions bregst við EBÓLU-faraldrinum í Vestur Afríku

Alþjóðahjálparsjóður Lions leggur lið munaðarlausum BÖRNUM

Lionsklúbbar eru hvattir til að styðja Alþjóðahjálparsjóð Lions vegna fórnarlamba ebólunnar

Hægt er að merkja framlög til LCIF sem „Ebola Relief“ eða senda beint af vefsíðu LCIF: <http://lcif.org/EN/ways-to-give/ebola-relief-donation.php>



Í samráði við stjórnvöld í Afríku og WHO

Í blaðaviðtali við Morgunblaðið fyrir stuttu, sagði Joe Perston alþjóðaforseti Lions að hann fylgdist vel með ebólu-faraldrinum og að Lions myndi bregðast við í samráði við stjórnvöld í Afríku og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina - WHO.



Margir vilja leggja sitt af mörkum í baráttu við ebóluna og er mikilvægt að skipuleggja aðgerðir, til að peningar nýtist vel, en lendi ekki í „svartholinu“. Lions vill tryggja að stuðningur okkar nýtist sem allra best og sem flestum.

Alþjóðahjálparsjóður Lions – LCIF leggur lið

Á fundi LCIF-stjóra í Evrópu, sem var í Birmingham í síðustu viku, kom fram eindregin ósk margra Lionslandanna, um að Lions legði lið þessum stóra heilbrigðisvanda.

Á fundi stjórnar sjóðsins næsta dag, var samþykkt að LCIF styddi verkefni fyrir munaðarlaus börn, sem eru fórnarlömb ebólunnar.



LCIF lagði strax fram 150.000 Bandaríkjadali

og innan tveggja klukkustunda hafði upphæðin tvöfaldast með framlögum Lions í Japan, Svíþjóð, Noregi og Bretlandi. Upphæðin hækkar hratt með frjálsum framlögum Lionsfélaga og klúbba.



Ebólan er nýr vágestur

Lions hefur lagt lið í heilbrigðismálum um allan heim, m.a. baráttu gegn blindu og augnsjúkdómum, mislingum o.fl. Neyðaraðstoð Lions við náttúruhamfarir er mikilvæg, bæði hér á landi og erlendis. Ebólu-faraldurinn er eins konar náttúruhamfarir og Lions bregst við þeim af mikilli alvöru.

Ebólan kemur verst niður á börnunum

Mikill hluti barna hafa ekki bara misst foreldra sína og fjölskyldu, en líka heimili sitt og öryggi. Fjöldi þeirra er komin á vergang og eru fórnarlömb fordóma. Almennungur óttast börnin, telja þau smitbera og vera haldin bölvun.



Lions styður yfir 4.000 munaðarlaus börn

Núþegar hefur faraldurinn kostað um 5.000 mannlíf og yfir 4.000 börn eru munaðarlaus. Lions vill tryggja þeim framtíð, Lions mun fæða þau og klæða, veita húsaskjól og tryggja skólavist. Verkefnið mun bjarga börnum í neyð og veita þeim bjartari framtíð.

Lionsfélagar í Afríku biðja um okkar hjálp

Alþjóðahjálparsjóðurinn vinnur með Lionsfélögum og sérfræðingum í viðkomandi löndum við að skipuleggja aðgerðir. Í Vestur Afríku eru 167 Lionsklúbbar með yfir 8.000 félagi. Þeir skora á Lions um allan heim að berjast gegn faraldrinum og afleiðingum hans. Lionsfélagar frá Afríku komu á Evrópu-þing Lions til að biðja Lionsklúbba í Evrópu um hjálp.

Lionsklúbbar og Lionsfélagar eru hvattir til að styrkja þetta verkefni, að bjarga börnum sem eru fórnarlömb ebólu. Lions / LCIF hefur áratuga reynslu af neyðaraðstoð víðs vegar um heiminn.

Hver króna sem greidd er til LCIF fer 100% til verkefnisins, ekkert í milliliði eða yfirstjórn.

Lionsfélagar, bregðumst skjótt við og styrkjum LCIF „Ebola Relief“ og björgum fórnarlömbum ebólunnar.

TAKK fyrir að styðja LCIF - mannúðarverkefni Lions, HVENÆR sem er og HVAR sem þess er þörf.